

## Mál nr. 218/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags

**Meiðsl við fall um misfelli á gangstétt 26.07. 2007.**

### Gögn.

- 1) Málskot móttakið 09.11. 2007, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags.

### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var á gangi þegar hún féll um misfelli á gangstétt. M telur að rekja megi tjónsatburð máls þessa til vanrækslu starfsmanna vátryggingartaka. Óþarft er að geta umfjöllunar M sem fylgdu málskotinu.

Vátryggingafélagið telur að aðstæður á vettvangi hafi ekki verið til þess fallnar að valda sérstakri slysaættu fyrir gangandi vegfarendur. Starfsmenn vátryggingartaka telja að aðstæður hafi ekki verið líklegri til að valda hættu en aðrar sambærilegar gangstéttir. Ekki sé "alltaf hægt að tryggja að allar gangstéttir í borginni séu jafnar og sléttar".

Vátryggingafélagið telur bótaábyrgð ekki vera fyrir hendi. Ekki hafi verið sýnt fram á að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna vátryggingartaka eða annarra atvika sem hann beri skaðabótaábyrgð á.

### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að rekja megi tjónsatburð máls þessa til vanrækslu starfsmanna vátryggingartaka. Gangandi vegfarendur verða að gera ráð fyrir því að misfellur geti verið á hellulögðum gangstéttum. Sú misfella sem var á vettvangi virðist ekki hafa verið meiri en gera verður ráð fyrir. Hér var um óhappatilvik að ræða sem vátryggingartaki ber ekki skaðabótaábyrgð á.

### Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á skaðabótaskyldu samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 4. desember 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.